

35. fundur

Hafnarnefnd Stykkishólms hélt fund mánudaginn 13. janúar 2003 kl. 20:00 í Ráðhúsinu. Mættir voru Símon Már Sturluson, formaður, Kristinn Ó. Jónsson, Hrannar Pétursson, Guðbrandur Björgvinsson, Konráð Ragnarsson, hafnarvörður og Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri.

Símon Már Sturluson setti fund og stjórnaði honum. Óli Jón ritaði fundargerð.

1. Óli Jón gerði grein fyrir tillögu að fjárhagsáætlun Stykkishólms hafnar fyrir árið 2003. Tillagan samþykkt af hafnarnefnd og vísað til afgreiðslu hjá bæjarstjórn.
2. Símon Már gerði grein fyrir þróun gjaldskrármála og fór nefndin yfir breytingartillögur.
Tillaga um gjaldskrá með áorðnum breytingum samþykkt. Meginbreytingar miða við 5% hækkun en aðlögun gerð á sorpeyðingar- og vatnsgjöldum.
3. Símon Már lagði fram til kynningar fundargerð 33. ársfundar Hafnasambands sveitarfélaga sem haldinn var 10. og 11. október sl. og fundargerðir 259. og 260. fundar stjórnar hafnasambandsins.

Í lokin varð almenn umræða um hagsmunamál hafnarinnar.

Fleira ekki gert.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 22:15.

Símon Már Sturluson (sign.),
Kristinn Ó. Jónsson (sign.),
Hrannar Pétursson (sign.),
Guðbrandur Björgvinsson (sign.),
Konráð Ragnarsson (sign.),
Óli Jón Gunnarsson (sign.).